

Kópavogsbær
Skipulags- og byggingardeild umhverfissviðs
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavíkurflugvelli, 1. júní 2021
INN2105009KA

Efni: Breyting á deiliskipulagi vesturhluta Glaðheima í Kópavogi.

Isavia Innanlandsflugvelli ehf. hefur mótttekið erindi Kópavogsbæjar í tölvupósti 14.05.2021 þar sem óskað er eftir umsögn félagsins um tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Glaðheima í Kópavogi.

Félagið hefur yfirfarið gögn vegna breytingar á deiliskipulaginu. Hæsta hús á deiliskipulagssvæðinu hefur lækkað töluvert frá því sem áður var áætlað og leiðir það til þess að byggingar á svæðinu eiga ekki að hafa áhrif á aðflug, brottflug eða mörk hring-aðflugs fyrir flugvélaflokk B sem er breyting frá fyrra skipulagi. Félagið bendir á að huga þarf að hindranalýsingu bæði á byggingartíma húsa og á fullbyggðar byggingar sbr. ábendingar hér að neðan:

1. Á bls. 3 í greinargerð með skipulaginu kemur fram að „sú krafa er lögð á herðar framkvæmdaaðila á svæðinu að byggingarkranar sem þörf er á við framkvæmdir á svæðinu verði settir upp í samráði við Isavia.“ Félagið leggur áherslu á að bæjarfélagið ber ákveðna ábyrgð á að þessar upplýsingar komist til skila nógu snemma í byggingarferlinu þannig að hægt sé að gefa út viðvaranir til loftfara tímanlega, sé þörf á því. Áfram þarf að vera skýrt í deiliskipulagi að: „*Ekki er heimilt að setja upp byggingarkrana eða annan lyftibúnað á lóðunum nema í samráði við Isavia.*“ Skýrt þarf að koma fram í skipulagi að hæðartakmarkanir og hindranafletir gilda einnig á byggingartíma húsa.
2. Á umræddu svæði er hindranaflötur skv. skipulagsreglum Reykjavíkurflugvallar 55 m.y.s. Margar byggingar munu skv. deiliskipulaginu fara yfir mörk hindranaflatar. Því er nauðsynlegt að hindranalýsing verði unnin í góðu samráði við félagið og Samgöngustofu.
3. Vakin er athygli á að skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll frá árinu 2009 eru í endurskoðun og drög að nýjum skipulagsreglum verða sendar út til kynningar á næstu vikum.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia Innanlandsflugvalla ehf.



Karl Alvarsson
Yfirlögfræðingur

Afrit sent: Samgöngustofu